

# STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1994

Nr. 339

1120

22. júní 1994

## REGLUGERÐ um loðnuveiðar 1994/1995.

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1994 til 1. maí 1995.

### 2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

### 3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun, að veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N.

Ráðuneytinu er heimilt að stöðva loðnuveiðar í lögsögu Jan Mayen, þegar íslensku skipin hafa veitt 60% af heildarafla sínum í lögsögu Jan Mayen.

### 4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands, tilkynna staðsetningu skipsins hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi. Ennfremur um loðnuaflla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen.

### 5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

### 6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða sviptingu veiðileyfis.

### 7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

## 8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskips. Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

## 9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

## 10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm blandaðan smáloðnu til hafnar og er þá kaupanda aflans skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal kaupandi aflans gera veiðieftirliti Fiskistofu aðvart.

## 11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Á loðnuvertíðinni 1994/1995, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 636.500 lestir af loðnu.

*Sjávarútvegsráðuneytið 22. júní 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Arni Kolbeinsson.*